

**Nd. 335. Frumvarp til laga [136. mál]**  
um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.  
Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhalds-  
menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandinn hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekk skólans en 1. bekk verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristinfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, íþróttir og söng. Heimilt er stjórn skólans að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. En við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólans, að fengnum tilögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skyllt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi.

Menntamálaráðherra ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að orlofsári loknu að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið — að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Í reglugerð skal ákveða um skólalækningar, skólatíma og leyfi svo og almennar skólareglur.

17. gr.

Skólinn heyrir beint undir menntamálaráðherra. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórnina, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

18. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta ár eftir gildistöku laganna starfar ein bekkjardeild, síðan bætist við ein deild á ári, þar til kennsla er hafin í öllum ársdeildum skólans.

Fyrst um sinn, meðan því verður við komið, nýtur skólinn húsnæðis í húsakynnum gagnfræðaskólans á Ísafirði.

Greinargerð.

Allir þingmenn Vestfjarðakjördæmis standa að flutningi þessa frumvarps, en fullt samkomulag hefur orðið um, að málið verði flutt af Vestfjarðþingmönnum, þeim er sæti eiga í neðri deild.

Lengi vel var latínuskólinn, síðar menntaskólinn í Reykjavík, eini skólinn hér á landi, sem brautskráði stúdenta.

Þá hófu Norðlendingar baráttu fyrir því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri fengi réttindi að lögum til að kenna undir stúdentspróf og brautskrá stúdenta, og lauk þeirri baráttu með stofnun menntaskólans á Akureyri árið 1927.

Þegar sá sigur vannst í skólamáli Norðlendinga, ritaði einn fyrirverandi nemandi gagnfræðaskólans á Akureyri þessi orð, sem reynslan hefur sannað: „Eftir stofnun menntaskóla norðanlands er íslensk menning orðin einu víginu auðugri.“

Þessu næst veitti ráðherra Verzlunarskóla Íslands rétt til að brautskrá stúdenta.

Þá hófst baráttu fyrir því, að stofnaður yrði menntaskóli í sveit. — Menntaskólinn á Laugarvatni er árangur þeirrar menningarbaráttu og veldur ekki lengur ágreiningsi.

Í ræðu, sem hinn gagnmerki skólamaður, Sigurður Guðmundsson skólameistari, flutti við skólaslit vorið 1928, er hann brautskráði fyrstu stúdenta frá menntaskóla Akureyrar, sagði hann meðal annars þetta:

„Það liggur í augum uppi, að hverjum skóla er ætlað að vera menningarvígi eða menningarstöð. Hvert skyldi annars vera markmið þeirra? Slíkar menningarstöðvar

mega eigi allar vera á einum stað. Menningarblóðið verður að renna um allar æðar þjóðlíkama vors.“

Þetta eru orð að sönnu. Það er í fullu samræmi við álit þessa mæta og merka skólamanns, að þeirri skoðun hefur mjög vaxið fylgi hin síðari árin, að stofna beri einnig menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Höfuðástæðan til þess, að þetta frumvarp er flutt, er sú skoðun flutningsmanna, að skapa beri ungu hæfileikafólki hvarvetna á landinu sem jafnasta aðstöðu til að geta aflað sér stúdentsmenntunar án tillits til efnahags, aðeins ef hugur stendur til.

Fyrir nokkrum árum fékk gagnfræðaskólinn á Ísafirði heimild menntamálaráðuneytisins til að starfrækja framhaldsdeild, er samsvaraði 1. bekk menntaskóla. Þetta varð til þess, að ýmsir efnilegustu nemendur skólans, sem ella hefðu ekki haft efni á að hefja langskólanám, hófu nám í þessari deild og brutust síðan áfram til stúdentsprófs, þó að nokkrir hættu námi sökum efnaskorts eftir veturinn.

Deild þessi starfaði þrjá vetur með góðum árangri að dómi menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri, sem við nemendunum tóku. En þá vildi menntamálaráðherra sá, er þá kom, ekki veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar, þar eð til þess skorti lagaheimild.

Þannig lagðist þessi kennsla í námsgreinum 1. bekkjar menntaskóla á Ísafirði niður.

En áhugi manna á stofnun menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði var ekki kistulagur þar með.

Menn úr öllum stjórn mála flokkum og margvísleg félagssamtök tóku málið upp á ný. Og á síðastliðnu ári heimilaði menntamálaráðherra gagnfræðaskólanum á Ísafirði loks með bréfi að hefja starfrækslu framhaldsdeildar, er jafngildi 1. bekk menntaskóla.

Þetta var mikilsverður áfangi, en því miður barst bréf menntamálaráðherra svo seint, að nemendur höfðu þá fyrir löngu ráðstafað sér í aðra skóla. Gat framhaldsdeildin því ekki starfað liðinn vetur 1959—1960.

Þá sótti fræðsluráð Ísafjarðar um ráðherraleyfi fyrir starfrækslu framhaldsdeildarinnar næsta vetur, 1960—1961, og hefur sú heimild nú verið veitt, sbr. fylgiskjal II.

Þetta er góð byrjun. En það, sem einu sini hefur gerzt, getur gerzt aftur.

Þessa menningarstarfsemi er hægt að stöðva aftur, hvenær sem er meðan hún hvílir ekki á lagagrundvelli.

Þess vegna er nauðsynlegt, að lög verði sett um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Meðan lagagrundvöllinn vantar, mun ávallt reynast erfitt að tryggja hæfa kennslukrafta, þar sem óvissa um áframhald hlyti að torvelda, að hinir hæfustu menntamenn áræddu að ráða sig til kennslunnar.

Æska Reykjavíkur á greiðan aðgang að menntaskólanámi. Sama er að segja um Norðlendinga og Sunnlendinga. En vestfirzkur æskulýður — og austfirzkur — er stórum verr settur í þessu tilliti. Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. Þess vegna er það rétt stefna, að menntaskólar rísi af grunni í öllum landsfjórðungum.

Vegna hins mikla áhuga Vestfirðinga á menntaskólamálinu og þeirrar byrjunar, sem þar hefur áður verið gerð með góðum árangri og nú er heimiluð á ný, telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt, að næsta skrefið að þessu takmarki verði stofnun menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Viljum við því vænta, að málið fái góðar undirtektir og greiðan framgang.

### Fylgiskjal I.

Í seinustu skýrslu gagnfræðaskólans á Ísafirði um skólaárið 1958—1959 er svo hljóðandi kafli um menntaskólamálið eftir skólástjóran, Guðjón Kristinsson:

„Svo sem fram kemur í fyrri skýrslum skólans, var starfrækt framhaldsdeild við Gagnfræðaskólann á Ísafirði um þriggja vetra skeið, 1949—1952. Samsvaraði sú deild 1. bekk menntaskóla. Fór kennslan fram í samráði við menntaskólann í Reykjavík og síðar við menntaskólann á Akureyri. Því miður fékkst ekki leyfi til starfrækslu deildarinnar lengur en þessa þrjá vetur. Árangur hafði þó verið ágætur.

Á síðastliðnum vetri var málinu hreyft á ný í einu félagi hér í bænum, Oddfellow-stúkunni Gesti. Var málið rætt þar, og niðurstöður þeirra umræðna urðu þær, að nokkur félög hér kusu nefnd til þess að vinna að framgangi málsins með það fyrir augum, að hér yrði á vetri komanda komið á fót framhaldsdeild og síðar menntaskóla fyrir Vestfirði. Í þessari nefnd áttu sæti: Björgvin Sighvatsson kennari, formaður fræðsluráðs Ísafjarðar, Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti, Matthias Bjarnason framkvæmdastjóri, Rögnvaldur Jónsson framkvæmdastjóri og Guðjón Kristinsson skólastjóri. Nefndin boðaði til almenns borgarafundar hér á Ísafirði í marz mánuði 1959. Ríkti mikill einhugur á þessum fundi, og var samþykkt einróma áskorun á ríkisstjórn og yfirstjórn fræðslumála, að hér yrði komið á fót framhaldsdeild (1. bekk menntaskóla) næsta haust. Var þingmönnum Vestfirðinga og fleiri aðilum skrifað og þeir beðnir að vinna að framgangi málsins. Mjög var liðið á þingtimann, þegar þetta var, svo að ekki varð úr því, að þingmenn flyttu frumvarp um þetta mál. En þess ber að geta, að þingmenn Vestfirðinga tóku þessu máli mjög vel.

Síðar var málið tekið upp í fræðsluráði Ísafjarðar og bæjarstjórn. Fræðsluráð skrifaði menntamálaráðuneytinu og fór fram á heimild til að starfrækja framhaldsdeild við skólann næsta vetur, 1959—1960. Svar við þeirri málaleitan barst ekki fyrr en í byrjun júlímánaðar. Var heimiluð starfræksla deildarinnar, en því aðeins, að nemendur væru minnst 15 að tölu. Þar eð svarið barst svona seint, kom í ljós, að allir þeir nemendur, sem landsprófi luku hér á Ísafirði og nágrenni, höfðu fengið skólavist í öðrum skólum næsta vetur. Taldi fræðsluráð því tilgangslítið að auglýsa eftir þátttöku. Greindi fræðsluráð menntamálaráðuneytinu frá þeirri ákvörðun. Jafnframt var þess óskað, að heimiluð yrði starfræksla framhaldsdeildar veturinn 1960—1961, og þess farið á leit, að ríkissjóður kostaði deildina að öllu leyti. Þegar þetta er ritað, hefur ekki borizt svar frá menntamálaráðuneytinu, en þess er að vænta, að heimild fáiist. Enn fremur munu þingmenn Vestfirðinga beðnir að flytja frumvarp um þetta mál á Alþingi næsta haust, 1959, svo að lagaákvæði fáiist fyrir starfrækslu slíkrar deildar og síðar fyrir menntaskóla hér, þegar aðstæður leyfa. Hér er vissulega um að ræða mikið hagsmunamál fyrir alla Vestfirðinga og knýjandi nauðsyn, að afgreiðslu þess verði hraðað svo sem kostur er.“

## Fylgiskjal II.

Eftirfylgjandi bréf, sem fyrir fáum dögum barst öllum þingmönnum Vestfjarða ásamt afriti af bréfi til menntamálaráðuneytisins um menntaskólamálið, sýnir vel þann áhuga, sem fyrir málinu er heima í héraði. Þess vegna þykir rétt að birta brét þessi sem fylgiskjöl með frumvarpi til laga um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Bréf fræðsluráðs Ísafjarðar eru svo hljóðandi:

### **Fræðsluráð Ísafjarðar, Ísafirði.**

Ísafirði, 7. apríl 1960.

Hér með sendi ég yður, herra alþingismaður, samþykkt, sem gerð var með samhljóða atkvæðum á fundi fræðsluráðs Ísafjarðar 6. apríl s. l.

„II. Fræðsluráð skorar hér með mjög eindregið á alla þingmenn Vestfjarðakjördæmis, að þeir standi við yfirlýst loforð og flytji nú strax á yfirstandandi Alþingi

frumvarp til laga um stofnun menntaskóla fyrir Vestfirði, sem staðsettur verði á Ísafirði. — Jafnframt skorar fræðsluráð á sömu þingmenn, að þeir vinni að því, að óskir þess við menntamálaráðuneytið, sem felast í hjálögðu bréfi, nái fram að ganga.“

.....

Virðingarfyllst,  
f. h. fræðsluráðs Ísafjarðar,

Björgvin Sighvatsson,  
formaður.

Fræðsluráð Ísafjarðar, Ísafirði.

Ísafirði, 7. apríl 1960.

Hér með leyfi ég mér að senda hinu háa menntamálaráðuneyti samþykkt, sem gerð var með samhljóða atkvæðum á fundi fræðsluráðs Ísafjarðar 6. þ. m.

„I. Lagt fram svo hljóðandi bréf frá menntamálaráðuneytinu, mótt. 28/3 1960:

„Ráðuneytið heimilar hér með, að kennslu 4. bekkjar bóknámsdeildar Gagnfræðaskóla Ísafjarðar verði hagað þannig skólaárið 1960—61, að svari til kennslu í 1. bekk menntaskóla, endá verði nemendur eigi færri en 15, og fullnægi þeir skilyrðum til slíks framhaldsnáms.

Þá ber að hafa fyllsta samráð við stjórnir menntaskólanna um próf, einkunna-gjafir og annað, er að náminu lýtur.“

Í sambandi við framanritað bréf samþykkir fræðsluráð eftirfarandi:

Um leið og fræðsluráð Ísafjarðar þakkar háttvirtu menntamálaráðuneyti fyrir heimild þá, sem felst í bréfi þess, dags. 18. f. m., leyfir fræðsluráðið sér að ítreka fyrri samþykkt sína, sbr. bréf, dags. 8. júlí 1959, til menntamálaráðuneytisins þess efnis, að ríkissjóður greiði allan kostnaðinn, er leiða kann af starfrækslu deildar-innar. Þessi ósk er studd augljósum rökum, sem sé þeim, að fyllsta réttlæti mælir með því, að ríkisvaldið greiði kostnaðinn við menntaskólakennslu, sem fram fer á Ísafirði, eftir sömu reglum og gilda annars staðar um slíka kennslu, enda ástæðulaust að leggja frekar þann fjárhagsbagga á ísfirzka gjaldendur en íbúa þeirra byggðarlaga, þar sem ríkisvaldið starfrækir menntaskóla.

Einnig leyfir fræðsluráð Ísafjarðar sér að óska eftir því, að menntamálaráðu-neytið heimili:

1. Að sömu reglur verði látnar gilda um próf við fyrirhugaða framhaldsdeild svo og um annað, er að náminu lýtur, eins og giltu síðustu 2 árin, sem slík framhalds-deild var starfrækt við G. Í., það er, að skólanum sjálfum verði falið að annast prófin að öllu leyti — þó að því tilskildu, að fyrir liggi yfirlýsing frá mennta-skóla um, að hann viðurkenni þau próf.
2. Að lágmarkstala nemenda í téðri deild verði t. d. 2 fyrstu árin ekki bundin við hærri tölu en 10 nemendur.

.....

Virðingarfyllst,  
f. h. fræðsluráðs Ísafjarðar,

Björgvin Sighvatsson,  
formaður.

Menntamálaráðuneytið,  
Reykjavík.